

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu, sorpeyðingu og seyrulosun í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt nr. 32/2007 um meðhöndlun úrgangs, og sbr. samþykkt nr. 149/2004 um hirðu og meðhöndlun seyru. Gjöldin eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

2. gr.

Sorphirðugjald.

a) 240 lítra tunna	7.835 kr.
b) 660 lítra tunna	21.603 kr.
c) 1.100 lítra tunna	35.990 kr.

3. gr.

Sorpeyðingargjald	
Íbúðir	7.479 kr.
Sumarhús	5.600 kr.
Atvinnurekstur	20.377 kr.

4. gr.

Seyrulosunargjald.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa er 5.555 kr.

5. gr.

Annað.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps 1. desember 2009 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt nr. 32/2007 um meðhöndlun úrgangs, sbr. samþykkt nr. 149/2004 um hirðu og meðhöndlun seyru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Gjaldskráin var staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands 16. desember 2009 og öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Frá sama tíma falla úr gildi eldri gjaldskrár fyrir sorphirðu og seyrulosun í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem birtar voru á heimasíðu sveitarfélagsins og á álagningarseðlum.

Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 18. janúar 2010.

Gunnar Örn Marteinnsson oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 3. febrúar 2010